

Mánudaginn 2. maí 1949.

Nr. 33/1949. **Réttvísinn**  
 gegn  
**Ingólfi Einarssyni.**

Setudómari próf. Ólafur Lárusson  
 í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Umsagnar lækna ráðs leitað.

### Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, þykir rétt með skírskotun til 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942 að æskja umsagnar lækna ráðs um eftirgreind efni:

Álits er beiðzt um andlega heilsu ákærða almennt, en sérstaklega um andlegt ástand hans hinn 3. maí 1947, er hann framdi glæpi þá, sem í máli þessu greinir, og hvort hann var þá alls ófær til að stjórna gerðum sínum; enn fremur um það, hvort ætla má eftir atvikum, að refsing gæti borið árangur gagnvart ákærða, Ingólfi Einarssyni, þannig að hún gæti skapað hjá honum hvatir til að forðast refsiverða hegðun. Loks er óskað umsagnar um vottorð dr. Helga Tómassonar yfirlæknis, dags. 20. október 1948, að öðru leyti.

Ályktarorð:

Lækna ráð láti í té umsögn um framangreind atriði.

Föstudaginn 6. maí 1949.

Nr. 23/1948. **Kristján Guðmundsson** (Gunnar Þorsteinsson)  
 gegn  
**Steindóri Einarssyni og gagnsök**  
 (Theodór B. Líndal).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson  
 í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Fébotamál vegna áreksturs bifreiðar á hest. Ágreiningur dómenda.

### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. febr.

1948, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. marz s. á. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 10.028.20 eða aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá 29. apríl 1947 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu með stefnu 22. júlí 1948, að fengnu gagnáfrýjunarleyfi 15. s. m., krefst *ad-allega* algerrar sýknu af kröfum aðaláfrýjanda, en *til vara*, að skaðabótakrafan verði færð niður eftir mati Hæstaréttar. Svo krefst hann þess og, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður, en aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Telja verður, að bifreiðarstjórinn á R—1467 hafi átt megin-sök á slysinu með því að hemla ekki bifreið sína og stöðva í tæka tíð, er hann sá hestinn fram undan, sbr. 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941. Hins vegar þykir gagnáfrýjandi ekki hafa sýnt næga varkárni, er hann lét hestinn fara lausan inn á mjög fjölfarinn veg í útjaðri Hafnarfjarðar, sbr. 12. gr. umferðarlaga, nr. 24/1941. Þykir hæfilegt að skipta ábyrgð á tjóninu þannig, að gagnáfrýjandi beri  $\frac{4}{5}$  hluta þess, en aðaláfrýjandi  $\frac{1}{5}$  hluta.

Eins og í héraðsdómi greinir, mátu tveir dómkvaddir menn tjón aðaláfrýjanda kr. 8000.00. Eftir að héraðsdómur gekk, hafa matsmennirnir komið fyrir dóm og gert grein fyrir mati sínu. Kveða þeir hest aðaláfrýjanda hafa verið afburðagóðan og kostamikinn reiðhest. Annar matsmaðurinn, Bogi Eggertsson, lýsti því, „að við matsgerðina hafi matsmennirnir talið, að hæfilegt matsverð á söluverði hestsins miðað við aðra gæðinga, sem þeir þekktu til, væri 6—7 þús. krónur, en ofan á það hafi þeir svo bætt 1—2 þús. krónum sem eins konar sárabótum til eigandans fyrir missi hestsins.“ Hinn matsmaðurinn, Magnús Bergsson, skýrði einnig svo frá, „að matsmennirnir hafi tekið nokkuð til greina sárabætur til eigandans fyrir missi hestsins.“ Ekki kveða matsmennirnir sig hafa heyrt þess getið, að hestar hafi á síðustu árum verið seldir herra verði en 6000—7000 krónur.

Með skírskotun til ofangreindrar umsagnar matsmannanna

þykir tjón aðaláfrýjanda hæfilega ákveðið kr. 6500.00. Ber gagnáfrýjanda að bæta honum  $\frac{4}{5}$  hluta þess, eða kr. 5200.00, ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1800.00.

#### Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Steindór Einarsson, greiði aðaláfrýjanda, Kristjáni Guðmundssyni, kr. 5200.00 með 6% ársvöxtum frá 29. apríl 1947 til greiðsludags og samtals kr. 1800.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### **Sératkvæði hrd. Gizurar Bergsteinssonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.**

Samkvæmt vætti tveggja farþega í bifreið gagnáfrýjanda fór hesturinn á hægu brokki út á veginn og stefndi yfir hann án nokkurra óvæntra viðbrigða. Telur annað þessara vitna, sem er vanur bifreiðarstjóri, að þá hafi verið 6—7 billengdir að hestinum. Hafi bifreiðarstjórinn þá hægt ferð bifreiðarinnar, en eigi hafi hann beitt hemlum, fyrr en eftir að bifreiðin hafði rekizt á afturhluta hestsins vinstra megin. Telur vitni þetta, að stöðva hefði mátt bifreiðina, áður en áreksturinn varð, jafnvel þótt hemlum hefði ekki verið beitt strax og sást til hestsins og eigi fyrr en komið var allnærri honum. Verður því að telja, að bifreiðarstjóranum hafi verið innan handar að afstýra slysinu, ef hann hefði sýnt nauðsynlega aðgæzlu og beitt hemlum í tæka tíð. Samkvæmt því, sem nú var rakið, og með skírskotun til 34. gr. laga nr. 23/1941, er leggur sönnunarbyrði um fulla aðgæzlu ökumanns á hendur ábyrgðarmanni bifreiðar, þykir gagnáfrýjandi eiga að bæta aðaláfrýjanda tjón hans, en ekki er ástæða til að leggja hluta sakar á aðaláfrýjanda, þótt hesturinn rynni laus yfir veginn, þar sem hann gerði það án allra óvæntra

og óeðlilegra viðbragða og bifreiðin var í þeirri fjarlægð frá honum, sem áður er lýst, er hann fór inn á veginn.

Menn þeir, sem framkvæmdu mat á hestinum, telja, að slíkur hestur hefði eigi verið seldur undir 6000—7000 krónum, en við þá fjárhæð hafi þeir bætt 1000—2000 krónum í sárabætur aðaláfrýjanda til handa. Miða verður bætur einungis við áætlað söluverð hestsins, og þykir samkvæmt því rétt að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda kr. 6500.00 ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og samtals kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt þessu teljum við, að dómsorð ætti að hljóða svo:

Gagnáfrýjandi, Steindór Einarsson, greiði aðaláfrýjanda, Kristjáni Guðmundssyni, kr. 6500.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 29. apríl 1947 til greiðsludags og samtals kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. nóvember 1947.**

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur Kristján Guðmundsson bifreiðarstjóri, Kirkjuvegi 14 í Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 29. apríl 1947, gegn Steindóri Einarssyni, Sólvalla-götu 68 hér í bæ, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 10.028.20, auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnandi er ekki fjárráða, en samþykki föður hans til málshöfðunar er meðal gagna málsins.

Stefndi hefur *adallega* krafizt sýknu, en *til vara* lækunar á dómkröfum stefnanda. Einnig hefur hann krafizt þess, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi kom til Hafnarfjarðar úr ferðalagi 2. júní f. á. Var hann með tvo hesta og reið öðrum þeirra, en hafði tauminn uppi á hinum, sem rölti á undan stefnanda. Reið stefnandi Norðurbraut, þar til er hann kom í námunda við Dvergastein, hús, er stendur við þá götu. Sveigði stefnandi þá til hægri og ætlaði yfir Reykjavíkurveg, en austan þeirrar götu hýsti hann hesta sína. Áður en stefnandi riði yfir veginn, varð hann var áætlanarbifreiðar R. 1467, sem var að koma frá Reykjavík norðan veginn, og stöðvaði hann því ferð sína, en lausi hesturinn hélt áfram yfir veginn. Þegar hesturinn var kominn allnærri eystri vegarbrún, var áætlunarbifreiðinni ekið á hann aftanverðan, og skall hann í götuna, en bifreiðinni var þá sveigt til hægri, og stöðvaðist hún, eftir að hún hafði runnið yfir veginn og út af honum, samtals um 17

metra. Hestur stefnanda hafði fótbrotnað og skrámazt og var svo mikið meiddur, að stefnandi lét þegar skjóta hann. Telur stefnandi bifreiðarstjórnann hafa átt alla sök á slysi þessu og því beri stefndi, sem var eigandi bifreiðarinnar, bótaábyrgð á tjóninu.

Stefndi hefur byggt sýknukröfu sína á því, að hesturinn hafi hlaupið snögglega í veg fyrir bifreiðina og hafi því eigi verið unnt að koma í veg fyrir slysið. Einnig hefur stefndi haldið því fram, að stefnandi beri að nokkru sök á slysinu, þar eð hann hafi rekið hestinn lausan, þótt slíkt sé bannað í umferðarlögum og lögreglusamþykktum, og sé því rétt að skipta bótaábyrgð með aðiljum.

Af skýrslu stefnanda, sem í öllum verulegum atriðum hefur stoð í vætti tveggja farþega, er í bifreiðinni voru, verður það ráðið, að hesturinn fór á hægu brokki yfir veginn án snöggra viðbragða, svo og, að bifreiðarstjórnnum hefur gefizt ráðrúm til athafna, er afstýra mættu slysinu, hafi athygli hans annars verið nægilega beint að veginum fram undan bifreiðinni. Það er sannað, að dregið var úr hraða bifreiðarinnar, áður en slysið varð, en ekki er í ljós leitt, að bifreiðarstjórninn hafi sveigt úr vegi eða beitt hemlum, áður en bifreiðin rakst á hestinn, og verður því að telja upp komið, að hann hafi eigi gætt þeirrar sérstöku varúðar, sem lögboðin er í 28. gr. laga nr. 23 frá 1941. Samkvæmt þessu verður litið svo á, að bifreiðarstjórninn hafi átt alla sök á slysi þessu, enda þykir krafa stefnda um skiptingu sakar ekki styðjast við rök, þar sem 12. gr. umferðarlaga, nr. 24 frá 1941, heimilar rekstur lausra hesta á vegi utan þéttbýlis. Ber stefndi því bótaábyrgð á tjóni stefnanda, og kemur þá til athugunar fjárhæð bótanna.

Með mati tveggja dómkvaddra manna hefur verðmæti hestsins verið talið kr. 8000.00, en jafnframt hafa þeir metið eldiskostnað hests árin 1937—1946 samtals kr. 10.028.20, og hefur stefnandi miðað bótakröfu sína við það mat.

Stefndi hefur eindregið mótmælt þeim grundvelli kröfugerðarinnar og telur hann ekki eiga stoð í reglum bótaréttarins. Einnig hefur hann mótmælt matinu, er fyrr var greint, er hann telur ljóst, að miðað sé við minjagildi hestsins auk venjulegs verðmætis hans.

Um verðmæti hestsins er þetta helzt upp komið: Hesturinn var 9 vetra gamall og að álitu matsmannanna með afbrigðum vel upp alinn og í fyllsta máta fallegur gæðingur. Við hinn fyrri munnlega flutning málsins kom málflytjendum saman um það, að hestar hafi gengið kaupum og sölum í fyrra fyrir um og yfir kr. 3000.00, og við síðari flutning þess var lagt fram vottorð hrossaræktarráðunauts um, að gangverð 9 vetra gamalla reiðhesta hafi verið kr. 2000.00—2500.00 á sama tíma.

Með hliðsjón af framanrituðu svo og því, að stefnandi virðist hafa ráðstafað fallinu sjálfur, þykja bætur hæfilega ákveðnar kr. 4000.00, og verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð auk vaxta, eins og krafizt var, svo og málskostnað, er ákveðst kr. 600.00.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað.upp dóm þenna.

## Dómsorð:

Stefndi, Steindór Einarsson, greiði stefnanda, Kristjáni Guðmundssyni, kr. 4000.00 með 6% ársvöxtum frá 29. apríl 1947 til greiðsludags og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. maí 1949.

Nr. 98/1947. **Útibú Útvegsbanka Íslands h/f, Siglufirði**

(Lárus Fjeldsted)

gegn

**Kaupfélagi Siglufirðinga** (Egill Sigurgeirsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson  
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Endurgreiðslukrafa samkv. 74. gr. víxillaga. Ómerking vegna galla á málsmeðferð.

### Dómur Hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. september 1947.

Mál þetta var þingfest fyrir héraðsdómi hinn 20. febrúar 1947. Kom þá fyrir dóm af hendi stefnanda Hafliði Helgason útibússtjóri og lagði fram m. a. stefnu, sáttakæru, greinargerð svo og ágrip dómsgerða í hæstaréttarmálinu nr. 31/1946, en í því ágripri voru mörg skjöl, sem ekki virðast skipta mál það, er hér liggur fyrir til úrlausnar. Af hendi stefnda kom þá fyrir dóm Hjörtur Hjartar kaupfélagsstjóri. Fengu fyrirsvarsmenn aðilja síðan sameiginlegan frest til 24. apríl s. á. til gagnasöfnunar. Hinn 23. apríl var málið af nýju tekið til meðferðar á dómþingi Siglufjarðar. Lagði þá nefndur fyrirsvarsmaður stefnda fram greinargerð ásamt reikningseftirriti. Fyrirnefndur fyrirsvarsmaður stefnanda fékk þá með samþykki stefnda frest til 22. maí s. á. Þann dag fór fram